

7. fundur

Miðvikudaginn 18. október kom byggðaráð saman til fundar á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mættir voru: Sigurður Ragnar Kristinsson, Siggeir Stefánsson og Þórir Jónsson, einnig sat fundinn Björn Ingimarsson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 12:00.

Dagskrá.

1. Mál. fundargerðir nefnda og ráða.

- Fræðslu- og menningarnefnd, 7. 09.06. Lögð fram. V/ 3. mál á dagsskrá kom fram hjá sveitarstjóra að kennurum er greitt v/ námskeið í samræmi við kjarasamninga.
- Fræðslu- og menningarnefnd, 05.10.06.V/ 6. lið. Samþykkt að vekja athygli nefndarmanna á ákvæðum sveitarstjórnarlaga varðandi þagnarskyldu fulltrúa í nefndum og ráðum.
- Íþróttá- og tómstundanefnd, 16.10.06. Lögð fram.

2. Mál. Starfsmannamál.

Sveitarstjóri lagð fram drög að ráðningarsamningi við Björn Guðmund Björnsson í starfi fulltrúa sveitarstjóra með aðsetur á Bakkafirði. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri gerði einnig grein fyrir stöðu mála varðandi ráðningu í starf íþróttá- og tómstundafulltrúa. Sveitarstjóri hefur boðað einn umsækjanda til þórshafnar n.k. þriðjudag, 24.10.06. í starfsviðtal.

3. Mál. Málefni Fræs ehf.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeirri stöðu sem upp er komin í framhaldi af höfnun Sparisjóðsins á aðkomu að félaginu með hlutafé. Ýmsir valkostir voru ræddir og var sveitarstjóra falið að vinna málið áfram innan stjórnar Þórshafnarfjárfestingar ehf.

4. Mál. Önnur mál.

Erindi frá Sverri Möller v/ umhverfis- og fegrunaráttaks í sveitum. Byggðaráð samþykkir erindið fyrir sitt leiti en vísar því til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10.

Björn Ingimarsson, ritari.